



	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun RRV103 haustönn 2018	
Síða 1 í 3		

Kennari/kennarar: Þórður Eiríksson	Netfang/netföng: Doddi@fva.is
--	---

Námsgögn: Kennslubók á rafbok.is Gögn frá kennara
--

<p>Lýsing:</p> <p>Í áfanganum er lögð áhersla á undirstöðuatriði er varða jafnstraumsvélar, einfasa riðstraumshreyfla og einfasa spennubreyta. Farið er í hugtök, tákni, merkingar, heiti og hlutverk spennubreyta og rafvéla og gerð grein fyrir í hverju orkuumbreyting spennubreyta og rafvéla felst. Þá er lögð áhersla á að nemendur æfist í að nota mælitæki og verkfæri rafiðnaðarmanna, greina bilanir og gera við rafvélar og raftæki og venjist við að taka tillit til öryggissjónarmiða við viðgerðir.</p> <p>Farið er yfir uppbyggingu og virkni jafnstraumsvéla og reiknað afl véla, snúningsmátt og nýtni. Jafnstraumsvél er keyrð bæði sem hreyfill og rafall með viðeigandi tengibúnaði. Gerðar eru mælingar og útreikningar við mismunandi tengingar og álag á jafnstraumsvélar og teiknaðar tengimyndir og kennigildi út frá mælingum</p>
--

<p>Markmið (þekking, leikni, hæfni):</p> <p>Nemandi</p> <p>o þekki einstaka hluti og hugtök yfir grundvallarbyggingu og virkni rafvéla og spennubreyta</p> <p>o þekki allan algengan legubúnað rafvéla og verkfæra</p>

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun RRV103 haustönn 2018	
Síða 2 í 3		

o þekki reglur og öryggisvarnir er varða snertihættu frá rafspennu og vélrænni hreyfingu véla

o þekki teiknitákn rafvéla og spennubreyta

o þekki uppbyggingu og hlutverk jafnstraumsvéla bæði sem hreyfla og rafala

o geti valið verkfæri og mælitæki til viðgerða og viðhalds á rafvélum og raftækjum

o geti mælt og reiknað þau gildi er segja til um aflumsetningu og málgetu rafvéla og spennubreyta

o geti greint bilanir í raftækjum og skipt um algengar legur í rafvélum og verkfærum

o geti lesið tengimyndir raftækja og véla

o hafi gott vald á verkfærum og mælitækjum er leiða í ljós ástand og virkni íhluta í rafvélum og raftækjum

Námsmat:


Verklegar æfingar 75%
Skýrslur úr verkefnum 25%

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Áfanginn er verklegur og er gert ráð fyrir að nemendur klári öll verkefni sem fyrir þau eru lögð. Krafist er 80% raunmætingu til að standast áfangann.

Tími við nám:

4x55mínútna kennslustundir.
Heimavinna alls um 10klst í skýrslugerð

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun RRV103 haustönn 2018	

Vík a	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1			
2			
3			
4			
5			
6			
7			
8			
9			
10			
11			
12			
13			
14			
15			
16			
17			

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.